

Hnefaleikasamband Íslands (sérsamband innan ÍSÍ) óskar eftir því við Reykjanesbæ að fá aðstöðu til að halda Norðurlandameistaramótið í ólympískum hnefaleikum dagana 27-29 mars 2020. Aðstaðan þarf að uppfylla eftirfarandi (sjá nánari útlistun að neðan):

- Íþróttahús til keppni
- Búningsklefar
- Upphitunarsvæði
- Aðstaða/herbergi fyrir dómara
- Fundaraðstaða
- Aðstaða til að framreiða mat
- Aðgangur að gufu/sauna í nágrenninu (sundlaugin)

Hingað til hefur Ísland aðeins fengið laus sæti á Norðurlandameistaramótum en keppnis dagar hafa aðeins verið 2 og því ekki rými fyrir fleiri þátttakendum. Árið 2020 verður í fyrsta sinn sem Ísland fær fast sæti á NM og verðum við fyrst til að halda 3ja daga Norðurlandameistaramót. Við höfum lengi barist fyrir því að fá okkar föstu sæti á mótunum og viljum því gera eins vel og hægt er nú þegar okkur er gefið tækifæri á að festa okkur í sessi.

Norðurlandaráðið vill að við sendum sem fyrst á þau uppkast af keppnisfyrirkomulagi og kostnaði, en kostnaður vegna sjálfs keppnishaldsins lendir á okkur hér heima.

Gert er ráð fyrir að heildarfjöldi þátttakenda; keppendur, þjálfarar, dómara og stjórnendur verði á bilinu 150 - 200 manns.

Keppt verður í einum hring sem við eigum og þurfum að setja upp. Það tekur 4-8 menn um 6-8 tíma að setja upp hringinn. Setja verður upp hringinn fimmtudaginn 26. mars en mótið hefst strax að morgni 27. mars. Mótið fer svo fram allan föstudaginn, laugardaginn og sunnudaginn, 27.-29. mars. Leikir geta staðið til kl. 22 að kvöldi á föstudag og laugardag, en til um kl. 18/19 á sunnudag. Reiknað er með að hringurinn verði tekinn niður að kvöldi sunnudags.

Okkur er gert að framreiða hádegismat og kvöldmat á mótsstað alla keppnisdaga (ekki kvöldmat síðasta daginn). Við erum með kokk á okkar snærum en vantar iðnaðareldhús, aðstöðu til undirbúnings og matsal (skólarnir). Við þurfum einnig aðgang að búningsklefum, upphitunarsvæði, aðstöðu fyrir dómara, smá fundaraðstöðu og þess háttar. Einnig þurfum við á einhvern hátt að bjóða aðgang að sauna / gufu í nágrenninu (sundlaugin).

Vegna stærðar mótsins erum við að skoða gæstmöguleika upp á Ásbrú og þá þarf að skoða með rútu og bílstjóra til leigu á fimmtudagseftirmiðdag og til sunnudagskvölds.

Fyrir hönd Hnefaleikasambands Íslands

Guðmundur Hannesson

GSM: 699-2644